

Landmælingar Íslands

14 310

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Landmælingar Íslands

kt. 710169-3309

Stíllholti 16-18, 300 Akranes

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Landmælingar Íslands er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli sérлага. Stofnunin safnar, vinnur úr, varðveitir og miðlar landupplýsingum um Ísland.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefna svið 6 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 421,4 milljónir og afkoma kr. -5,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 33,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 109,7 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Landmælinga Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Landmælinga Íslands fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Gunnar Haukur Kristinsson
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	369.600.000	319.500.000
Seld þjónusta	3	14.986.750	8.089.824
Framlög og ýmsar tekjur	4	28.621.955	34.931.217
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	8.144.610	7.530.458
Tekjur samtals		421.353.315	370.051.499
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	272.282.267	254.268.683
Annar rekstrarkostnaður	6	146.861.933	99.577.023
Afskriftir	7	8.144.610	7.530.458
Gjöld samtals		427.288.810	361.376.164
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(5.935.495)	8.675.335
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		181	661
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(14.653)	(10.446)
		(14.472)	(9.785)
Afkoma ársins		(5.949.967)	8.665.550

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		22.295.163	25.520.132
Farartæki og vélar		4.657.773	6.285.376
Aðrar eignir		1.902.283	2.087.476
Fastafjármunir samtals		<u>28.855.219</u>	<u>33.892.984</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	9	1.567.801	374.611
Tengdir aðilar	10	52.391.806	61.301.563
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	11	2.524.753	3.464.799
Handbært fé		24.392.884	2.418.495
Veltufjármunir samtals		<u>80.877.244</u>	<u>67.559.468</u>
Eignir samtals		<u>109.732.463</u>	<u>101.452.452</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		33.138.746	39.088.713
Eigið fé samtals		<u>33.138.746</u>	<u>39.088.713</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	20.114.516	1.042.720
Viðskiptaskuldir		1.806.566	2.794.081
Ýmsar skammtímaskuldir	13	20.601.646	23.411.339
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	34.070.989	35.115.599
Skuldir samtals		<u>76.593.717</u>	<u>62.363.739</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>109.732.463</u>	<u>101.452.452</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(5.949.967)	8.665.550
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	8.144.610	7.530.458
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		<u>(8.144.610)</u>	<u>(7.530.458)</u>
		(5.949.967)	8.665.550
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(253.144)	(2.392.396)
Tengdir aðilar		31.974.708	(6.442.347)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(3.797.208)</u>	<u>(7.241.918)</u>
		27.924.356	(16.076.661)
		<u>21.974.389</u>	<u>(7.411.111)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	<u>(3.106.845)</u>	<u>(7.867.198)</u>
		(3.106.845)	(7.867.198)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	967.198
Fjárfestingarframlag		3.106.845	6.900.000
		<u>3.106.845</u>	<u>7.867.198</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		21.974.389	(7.411.111)
		2.418.495	9.829.606
		<u>24.392.884</u>	<u>2.418.495</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað/10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppséðanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppséðanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	369.600.000	319.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	8.144.610	7.530.458
	<u>377.744.610</u>	<u>327.030.458</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárukalög	367.100.000	0	0	367.100.000
Launabætur	2.500.000	0	0	2.500.000
Fjárveiting til tekna	369.600.000	0	0	369.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádrögnum sértekjum	(375.549.967)	0	0	(375.549.967)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(5.949.967)	0	0	(5.949.967)

	2022	2021
3 Seld þjónusta		
Verksala	14.927.250	7.672.754
Ýmsar þjónustutekjur	59.500	417.070
	<u>14.986.750</u>	<u>8.089.824</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	2.640.482	3.345.481
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	1.500.000	15.000.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	24.481.473	16.585.736
	<u>28.621.955</u>	<u>34.931.217</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	223.455.850	205.677.344
Orlof, breyting	(2.809.693)	1.411.432
Launatengd gjöld	49.846.869	45.436.754
Starfsmannakostnaður	1.789.241	1.743.153
	<u>272.282.267</u>	<u>254.268.683</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	23,2	21,5

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	436.711	625.195
Ýmis tæki og áhöld	918.735	1.682.040
Varahlutir og viðhaldsvörur	874.296	2.200.794
Orkugjafar	2.026.417	1.766.223
Matvæli	1.152.900	1.156.152
Almennar rekstrarvörur	307.539	160.358
Vörukaup, almenn	5.716.598	7.590.762
Ýmsar sérgreindar vörur	23.994	0
Vörukaup, sérgreind	23.994	0
Fundir, námskeið, risna	2.882.083	1.553.895
Ferðir, uppihald	6.627.694	2.938.611
Akstur	1.120.822	1.532.586
Sérfræðipjónusta	16.009.635	5.946.629
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	49.182	35.292
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	298.462	480.567
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	338.271	405.951
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	27.326.149	12.893.531
Samningsbundin kaup og leiga	54.197.288	19.416.263
Afnotagjöld	21.587.729	17.323.146
Leigugjöld	31.109.497	34.735.974
Notkun véla og flutningatækja	0	140.988
Verkkaup	3.968.764	4.516.390
Kostnaðarhlutdeild	2.311.848	2.311.848
Tryggingar, lögboðnar	280.190	346.734
Opinber gjöld	309.508	301.387
Tilfærslur	30.368	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	113.795.192	79.092.730
Annar rekstrarkostnaður samtals	146.861.933	99.577.023
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	6.331.814	5.780.589
Farartæki og vélar	1.627.603	1.668.349
Aðrar eignir	185.193	81.520
	8.144.610	7.530.458

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	22.295.163	25.520.132
Farartæki og vélar	4.657.773	6.285.376
Aðrar eignir	1.902.283	2.087.476
	<u>28.855.219</u>	<u>33.892.984</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	64.806.587	13.346.803	2.211.943	80.365.333
Viðbætur á árinu	3.106.845	0	0	3.106.845
	<u>67.913.432</u>	<u>13.346.803</u>	<u>2.211.943</u>	<u>83.472.178</u>
Afskriftir 01.01.2022	39.286.455	7.061.427	124.467	46.472.349
Afskrift ársins	6.331.814	1.627.603	185.193	8.144.610
	<u>45.618.269</u>	<u>8.689.030</u>	<u>309.660</u>	<u>54.616.959</u>
Staða 31.12.2022	<u>22.295.163</u>	<u>4.657.773</u>	<u>1.902.283</u>	<u>28.855.219</u>

9 Viðskiptakröfur

31.12.2022 31.12.2021

Viðskiptakröfur	1.567.801	374.611
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0	0
	<u>1.567.801</u>	<u>374.611</u>
Viðskiptakröfur í erlendri mynt	1.567.801	374.611
	<u>1.567.801</u>	<u>374.611</u>

10 Tengdir aðilar

31.12.2022 31.12.2021

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	51.754.706	60.600.174
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	637.100	701.389
	<u>52.391.806</u>	<u>61.301.563</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	20.114.516	1.042.720
	<u>20.114.516</u>	<u>1.042.720</u>

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	1.209.997	3.220.278
Skattar	1.314.756	244.521
	<u>2.524.753</u>	<u>3.464.799</u>

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	39.088.713	30.423.163
Afkoma ársins	(5.949.967)	8.665.550
Jöfnuður 31.12.	<u>33.138.746</u>	<u>39.088.713</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

13 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2022	31.12.2021
Ógreitt orlof	20.601.646	23.411.339
	<u>20.601.646</u>	<u>23.411.339</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiddsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	28.855.219	33.892.984
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	5.215.770	1.222.615
	<u>34.070.989</u>	<u>35.115.599</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	33.892.984	1.222.615	35.115.599
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	7.100.000	7.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	3.106.845	(3.106.845)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(8.144.610)	0	(8.144.610)
	<u>28.855.219</u>	<u>5.215.770</u>	<u>34.070.989</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 7,6 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Fyrirhugaður er flutningur stofnunar á árinu 2023. Áætluð greiðsla vegna húsaleigusamninga á árinu 2023 er kr. 34,9 m.kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.